

# SKÝRSLA RERÍÐVEGANEFNDAR FYRIR ÁRIÐ 2023, LÖGÐ FYRIR AÐALFUND BORGFIÐINGS Í NÓVEMBER.

Í nefndinni sitja Sveinbjörn Eyjólfsson formaður, Halldór Sigurðsson, Kolbeinn Magnússon. Reynir Magnússon og Davíð Sigurðsson.

Nefndin hélt 6 fundi á árinu, alla í Vindási.

Á árinu 2022 hafði nefndin úr töluverðum fjármunum að spila eða vel á sjöttu milljón. Á fyrstu tveimur fundum var farið yfir verkefni og velt fyrir sér fjárförf og vonglaðir um að fá ekki minna en árið áður sendum við gilda umsókn inn til LH, sem síðan vann úr umsóknum.

Það voru því mikil vonbrigði þegar í ljós kom að fjármunir til okkar voru tvær milljónir í héraðsverkefni og átta hundruð þúsund í landsvegi.

Á árinu 2022 var lagt af stað með reiðveg frá Brennistöðum og fram að Gufuá. Það ár voru settir fjármunir í þá framkvæmd, sem að hluta fóru í efniskaup og að hluta voru þeir geymdir hjá verktaka til að þeir týndust ekki milli ára.

Þegar í ljós kom hversu lítið var til skiptanna ákvað nefndin að setja mest allt framlagið í þennan veg til að vinna hann áfram og klára svo á næsta ári. Framkvæmdir drógust því við vildum ekki fara af stað fyrr en öll leyfi fyrir framkvæmdinni væru komin í hús. Rétt þegar búið var að haldsala þau leyfi við Svein á Brennistöðum féll hann frá og eftirlifandi ættingjar eða ættingi sagðist ekki myndi beygja af vilja gamla mannsins en hann þyrfti aðeins tíma til að skoða þetta betur.

Þarna var tíminn að renna út og ekki hægt að bíða lengur. Ákvað því nefndin á fundi í gær að setja um eina milljón kr. í flugvallarveginn og aðra milljón Bjarnhólahringinn. Hvorutveggja eru vart fyrir öðru en að bera ofan í vegina þar sem þarf og slétta.

Það sem eftir er verður að mestu sett í að halda áfram að lagfæra reiðvegi í Reykholtssdal, bæði við Kleppjárnshreyki og Reykholt.

Þá hefur verið samið við aðila í sveitina að fara með efni í gerðið í Sópandaskarði og verða greiddar 20 þús. kr. fyrir það verk.

Þá er vert að geta þess að Vegagerðin, sem við höfum átt ágætt samstarf við, lagði reiðvegi samhliða bundnu slitlagi á minnst tveimur stöðum á árinu. Annarsveggar við Álftanesveg og hins vegar frá Borgarfjarðarbraut og yfir Kleifar að Þverá. Sá spotti er þó ekki allur kláraður. Hann er trúlega nothæfur sem sumarvegur en varla þó. Við þurfum að fara betur yfir þá framkvæmd.

Aðeins hafa komið inn á borð Reiðveganefnar óskir um breytingu á skráningu reiðvega. Sama gildir um þá nefnd sem sveitarfélagsins sem nú endurskipuleggur aðalskipulagið. Þar hafa komið fram óskir um að leggja af reiðvegi og færð fyrir því rök. Við höfum óskað eftir að fá þær beiðnir til umsagnar enda mjög mikilvægt að halda öllum reiðleiðum opnum áfram.

Þá höfum við einnig fengið kvartanir vegna ökutækja sem nýta reiðvegi. Á það við um reiðhjól, sem eiga ekki að vera á reiðvegum og einnig um fjórhjól. Dæmi eru um hestamenn sem nýja slík tæki við rekstur hesta sinna. Það er auðvitað bannað og ættum við öll að sameinast um að fá þá félaga okkar sem það gera að hætta því.

Lengri verður skýrslan ekki þetta árið, njótið friðar í desembermánuði.